

Langanesbyggð,
b.t. sveitarstjóra, Hafnarnefndar og Skipulagsnefndar,
Langanesvegi 2,
680 Þórshöfn

Varðar: Afköst á fráveitu Langanesbyggðar frá Ísfélaginu og ástandi við Sand við Eyrarveg 8..

Ísfélagið óskar eftir að að fráveita sveitarfélagsins verði eflað svo hún geti annað brýnni þörf Ísfélagsins, en fráveitumál frá frystihúsi og bræðslu hafa verið lengi í nokkrum ólestri.

Árið 2018 fór Ísfélagið í miklar endurbætur og stækkun á fráveitukerfi frystihússins sem náðu alla leið að brunni norðvestanmegin við norðvestur horn frystihússins og út í götu. Þar er svo tenging inn á útrásarlögn sem er kölluð í daglegu máli Súes og liggur beint í vestur og örstutt í sjó fram.

Eftir sem áður er vandamál með fráveituna vegna þess að þegar uppsjávarvinnsla er í gangi hjá Ísfélaginu hefur Súes ekki við og fráveitukerfið fyllist og það flæðir upp úr því og út á götu við frystihúsið. Þetta á sérstaklega við þegar loðnuhrognvinnsla er í gangi en þá er notað mikið magn af sjó. Ástandið sem skapaðist á loðnuhrognavertíðinni í mars 2023 var óviðunandi gagnvart hreinlæti, smithættu og umgengi.

Eins og fráveitukerfið er í dag þá gætir flóðs og fjöru í Súes og einnig í fráveitukerfi Ísfélagsins, sem hefur áhrif á afköst alls kerfisins.

Ísfélagið fer fram á að brugðist verði við þessum vanda og viljum við að skoðuð verði sú leið að sett verði upp dælustöð og grófhreinsistöð við grjóttgarðinn. Dælustöð myndi þá halda lágmarkshæð í Súes, og dæla frárennslinu upp í nægilega hæð þannig að hægt væri að vera með lengri útrás en hún er of stutt í dag.

Ísfélagið óskar eftir fundi með sveitarfélaginu vegna málsins til að finna viðunandi lausn sem farið verði í fyrr en seinna.

Einnig viljum við benda á vandamál sem skapast vegna þess að vatn hefur flætt inn í kjallara í Sandi. og er óskað eftir upplýsingum um hvort búið sé að leysa það mál.

Virðingarfyllt,

f.h Ísfélags hf.

Stefán Friðriksson
Rafn Jónsson
Siggeir Strefánsson